



ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2136*  
*komudagur 8.5.2012*

Húsavík 7. maí 2012

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál**

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál – þingskjal 1165.

Rammaáætlunar hefur verið beðið lengi og horft til hennar í von um að víðtæk sátt geti orðið um orkunýtingu eða vernd tiltekinna orkukosta. Fagleg vinna lá að baki skýrslu verkefnisstjórnar en ofangreind tillaga til þingsályktunar viku hinsvegar verulega frá þeim niðurstöðum. Þá þegar hafa komið fram sterk viðbrögð við breyttri flokkun virkjanakosta í þingsályktunartillögunni. Tillagan er því að mati Orkuveitu Húsavíkur ohf. ekki grundvöllur fyrir sátt um þennan málaflokk.

Orkuveitan vísar ennfremur til og tekur undir umsögn Samorku, sem fyrirtækið á aðild að, svo og umsögn sveitarfélagsins Norðurbings, eiganda Orkuveitunnar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Erla Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Orkuveita Húsavíkur ohf.